

**40. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 14. desember og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Tyrfingur Sveinsson varamaður, Elín Grétarsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016
2. Fundargerðir
3. Álagning gjalda og gjaldskrár fyrir árið 2017
4. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum
5. Breyting á þingfararkaupi
6. Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Rangæinga
7. Fjárhagsáætlun 2017-2020 (síðari umræða)
8. Erindi til hreppsnefndar
9. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við liðnum 10.

Endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar 2016.

Samþykkt.

**Gengið til dagskrár:**

**1. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016**

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

Viðauki 2:

Fjárfesting í Ásaljósi, hluti af fjárheimild frá árinu 2015 færð yfir á árið 2016, hækkun um 7,0 millj. kr. Mætt m.a. með lækkun á viðskiptakröfum, endurgreiðslu á vsk. og innborgaðri hlutdeild í fjárfestingu. Meðfylgjandi eru töluleg yfirlit sem sýna breytingu frá upphaflegri áætlun. Viðauki 2. hefur ekki áhrif á reksturinn.

Samþykkt.

**2. Fundargerðir**

**a) 27. fundur stjórnar Lundar, haldinn 28. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b) 50. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 26. október sl.**

Fundargerðin var lögð fram til kynningar á 38. fundi hreppsnefndar. liður 2 þarfnast afgreiðslu.

**Liður 2. Fjárhagsáætlun 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

**c) 39. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 27. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

**d) 120. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 27. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

**e) 28. fundur stjórnar Lundar, haldinn 14. nóvember sl. liður 4. þarfnast umfjöllunar.**

Liður 4. Önnur mál. a) Aðkoma Ásahrepps að viðbyggingu. Stjórn vísar til sveitarstjórna Áshrepps og Rangárþings ytra að finna lausn til sátta vegna verkáfangs 2 sem fyrst. Óskað er eftir loka uppgjöri á áfanga 1.

Hreppsnefnd hefur lagt fram tillögu til lausnar á stöðunni. Þar sem tillagan hlaut ekki hljómgrunn hjá Rangárþingi ytra ákváðu sveitarfélögin í sameiningu að óska eftir álit Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Beðið er eftir að álitid liggi fyrir.

f) **29. fundur stjórnar Lundar, haldinn 1. desember sl. liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Viðbótarkostnaður: vegna innbús, tækja og kerfa er áætlaður 40.519.510 kr. Þar af áætlaður kostnaður við 1. áfanga við lóðarframkvæmdir 15.000.000 kr. til að hægt sé að taka deildina í notkun. Það sem mun standa út af samkvæmt fylgiskjali eru 2.579.564 kr. við verklok en þá eru lokafrágangur lóðar eftir. Stjórn staðfestir áætlaðan kostnað samkvæmt fylgiskjali.** Hreppsnefnd frestar afgreiðslu liðsins, sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum.

**Liður 2. Fjárhagsbeiðni til sveitarfélaga: Stjórn Lundar óskar eftir að sveitarfélögin geri ráð fyrir 50 milljónum á næstu þremur árum til að ljúka við lóðarframkvæmdir við Lund.**

Samþykkt. Ásahreppur gerir ráð fyrir lóðarframkvæmdunum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

g) **6. fundur Héraðsnefndar Rangæinga haldinn 1. desember sl. liður 1 og 3 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Fjárhagsáætlanir 2017.**

Samþykkt.

**Liður 3. Tónlistarskóli Rangæinga.**

*Héraðsnefnd leggur til að Tónlistarskóla Rangæinga verði breytt í byggðasamlag. Lögð var fram til tillaga að samþykkt fyrir samlagið, sem samþykkt var samhjóða með framkomnum breytingum.*

*Gert er ráð fyrir að samlagið taki til starfa frá og með 1. janúar 2017. Óskað er eftir að aðildarsveitarfélögin tilnefni stjórnarmenn í byggðasamlagið í samræmi við nýja samþykkt.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og vísar samþykktunum til afgreiðslu undir 6. dagskrálið fundarins.

Samþykkt að tilnefnda sem aðalmann í stjórn NJ og til vara BJJ.

h) **40. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 10. nóvember sl.**

**Liður 2. þarfast umfjöllunar.**

**Liður 2. Fjárhagsáætlun 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

i) **121. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 10. nóvember sl. mál nr. 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 1 1611009 - Skjólholt Inr 213345: 8 smáhýsi: Breytt byggingaráform: Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn Sóleyjar Aspar Karlsdóttur dags. 21. október 2016 um hvort að breyta megi skipulagi Skjólholts Inr. 213345 þannig að byggja megi 8 smáhýsi á bilinu 20-25 fm á reit sem var ætlaður vélaskemmu/hesthúsi. Landið er 2 ha að stærð og skráð sem lögbýli og er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

*Að mati skipulagsnefndar samræmist fyrirhuguð uppbyggingin gildandi aðalskipulagi en telur að vinna þurfi deiliskipulag fyrir svæðið og er fyrsta skrefið í því að vinna lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

j) **122. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 14. nóvember sl. mál nr. 15 og 16 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 15 1611050 - Rangárþing Ytra: Vindrafstöðvar: Aðalskipulagsbreyting: Umsagnarbeiðni.**

Lögð fram til umsagnar lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings Ytra sem varðar afmörkun iðnaðarsvæðis á um 193 ha svæði norðan Þykkvabæjar. Fyrirhugað er að reisa allt að 13 vindrafstöðvar sem samtals gætu verið 45 MW.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi lýsingu, en áskilur sé rétt til að koma með athugasemdir við málið á síðari stigum þegar nákvæmari gögn um áhrif framkvæmdanna liggja fyrir, sérstaklega hvað varðar sjónræn áhrif og skuggavarp.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun nefndarinnar.

**Mál nr. 16 1611052 - Þóristungur 165349: Breytt heiti og staðfesting á afmörkun lóðar.**

Lagt fram lóðablað yfir lóð sem í dag kallast Þóristungur í fasteignaskrá og er með landnúmerið 165349, en lóðin er ekki til þinglýst og er án stærðar. Á lóðina eru í dag skráð starfsmanna- og íbúðarhús í eigu Landsvirkjunar sem undanfarin ár hafa verið leigð út og er þar í dag rekið Hótel Háland. Samkvæmt lóðablaði er lóðin 16.007,4 fm að stærð.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar en vísar ákvörðun um heiti hennar til sveitarstjórnar. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

Hreppsnefnd samþykkir afmörkun lóðarinnar og samþykkir að gefa lóðinni heitið Fremstatunga sem er örnefni á svæðinu.

**k) 41. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 8. desember sl. Liður 1. Þarfnast umfjöllunar.**

*Lögð fram tillaga um að breyta heiti byggðasamlagsins úr Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. í Umhverfis og tæknisvið Uppsveita þar sem það nær betur utan um starfsemi embættisins. Þá er gerð tillaga um að breyta léni embættisins úr [www.sbf.is](http://www.sbf.is) í [www.utu.is](http://www.utu.is) og pósthöfundum starfsmanna úr [nafn@sudurland.is](mailto:nafn@sudurland.is) í [nafn@utu.is](mailto:nafn@utu.is).*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

**l) 123. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 8. desember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**m) 182. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 26. október sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Fjárhagsáætlun 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

**n) 183. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 8. desember sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Gjaldskrá sorphirðu í Rangárþingi 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá fyrir sitt leyti.

**o) 51. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 8. desember sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2. Drög að nýjum samþykktum fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.**

Hreppsnefnd samþykkir endurskoðaða útgáfu samþykktu fyrir sitt leyti.

**p) 10. fundur Odda bs. haldinn 5. desember sl. liður 2 og 3 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2. 1612003 Skólagjaldskrár 2017.**

Hreppsend gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi gjaldskrá.

Hreppsnefnd gerir ráð fyrir að í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2017 að auka niðurgreiðslu á vistunargjöldum í 50% fyrir börn í leikskóla, niðurgreiða vistun fyrir 5 ára börn áfram 100% og greiða áfram 100% mótuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

**Liður 3. 1610048 Rekstraráætlun 2017 Oddi bs.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi áætlun.

**q) 46. fundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 4. nóvember sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2 1609057 - Fjárhagsáætlun Vatnsveita 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

**r) 47. fundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 6. desember sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2 1612006 - Gjaldskrá Vatnsveitu 2017.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá með því skilyrði að farið verði í heildarúttekt á rekstri vatnsveitunnar.

**s) 12. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 4. nóvember sl. liður 4 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 4 1611008 - Rekstraráætlun 2017 - Húsakynni bs.**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi rekstraráætlun.

**t) 13. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 7. desember sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.**

Framtíðarfyrirkomulag á Þóristungum

Bókun stjórnar:

*Rætt var um hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi á rekstri hússins í Þóristungum en komið er að gagngeru viðhaldi. Lögð var fram kostnaðaráætlun að fjárhæð um 15 m til viðhalds hússins. Tillaga lögð fram um að bjóða húsið til kaups í því ástandi sem það er og með þeim skilyrðum að fjallmenn hafi gjaldfrían aðgang að húsinu í fjallferðum.*

*Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum (IPG, YKJ), einn sat hjá (KÖ).*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu með fyrirvara um að hægt verði að hafna öllum tilboðum.

**3. Álagning gjalda og gjaldskrár fyrir árið 2017**

Útsvarsprósenta 12,44%.

Fasteignaskattur A, 0,23% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Gjalddagar verða sex talsins árið 2017, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí.

Þar sem heildarupphæð er undir 20.000 kr. er einn gjalddagi, 1. apríl.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfaþósti fyrir árið 2017. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimasíðunni [www.Island.is](http://www.Island.is).

Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt.

Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfaþósti gefst kostur á því.

Vinsamlega hafið samband við skrifstofu hreppsins ef óskað er eftir að fá send skjöl áfram með bréfaþósti.

Vatnsgjald; skv. sérstakri gjaldskrá, Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. gjaldskrá, Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Sameiginleg gjaldskrá Rangárbings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2017 í íþróttamiðstöðvarnar á Hellu, Laugaland og Þykkvabæ.

Skólagjaldskrá; skv. gjaldskrá Odda bs.

Samþykkt.

**4. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum**

Tillaga að uppreiknuðum reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Ásahreppi árið 2017.

Samþykkt.

**5. Breyting á þingfararkaupi**

Tillaga um að þóknun kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og laun sveitarstjóra, hækki ekki til samræmis við síðustu ákvörðun kjararáðs frá 29. október sl. þar til Alþingi hefur tekið málið til umfjöllunar.

Samþykkt.

**6. Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Rangæinga**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samþykktir fyrir Tónlistarskóla Rangæinga.

Heiti byggðasamlagsins verður Tónlistarskóli Rangæinga bs. aðildarsveitarfélag samlagsins eru Rangárbing eystra, Rangárbing ytra og Ásahreppur. Starfsstöðvar eru í tengslum við grunnskóla aðildarsveitarsveitarfélaganna eða annars staðar eftir ákvörðun stjórnar samlagsins hverju sinni og heimild í fjárhagsáætlun. Hlutverk byggðasamlagsins er að annast rekstur tónlistarskóla fyrir hönd

sveitarfélaganna. Markmiðið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu söngs og tónlistarstarfs í héraðinu.

### 7. Fjárhagsáætlun 2017-2020 (síðari umræða)

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2017 -2020, lögð fram til seinni umræðu.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar, samantekið fyrir A og B hluta eru þessar í millj. kr. :

Árið:	2017	2018	2019	2020
Tekjur	256.582	256.582	256.582	256.582
Gjöld	255.484	251.208	253.396	252.360
Fjármagnstekjur og (gjöld)	1.160	1.641	1.018	1.327
Rekstrarniðurstaða	2.259	7.015	4.204	5.548
Eignir samtals	399.147	406.389	410.822	416.606
Eigið fé	370.044	377.059	381.263	386.812
Veltufé frá rekstri	15.750	21.244	19.255	21.124
Fjárfestingarhreyfingar	-7.360	-26.207	-6.348	-21.187
Handbært fé í árslok	21.406	16.551	29.575	29.636

Í áætlun 2017 er almennt reiknað með svipuðum tekjum og gjöldum frá fjárhagsáætlun 2016.

Í umferðar og samgöngumálum er m.a. gert ráð fyrir 2,0 millj. kr. í viðhald reiðvega.

Nýr liður er styrkur vegna strætókorta fyrir börn og aldraðra (1,2 millj. kr.)

Aukning er á niðurgreiðslu á leikskólagjöldum um 1 millj. kr.

Nýr liður er vegna félagslegrar heimaþjónustu gert er ráð fyrir að hún verði gjaldfrjál.

Kostnaður vegna samnings um hitaveitu er áætlaður 4,0 millj. kr. og styrkur vegna varmadæla er 1,0 millj. kr.

Styrkir vegna ljósleiðaratengingar 300 þús. kr.

Í áætluninni er gert ráð fyrir framlögum til samstarfsverkefna í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir um verkefnin.

Almennt er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri málaflokka á tímabilinu 2018-2020, en tekið tillit til sérstakra fjárveitinga samkvæmt áætlun 2017.

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna hreinsunar rotþróa annað hvert ár hjá fráveitu og fellur hann til árin 2017 og 2019.

Langtímalán greiðast upp á árinu 2017.

Stofnframlag til Sorpstöðvar árið 2017 er 937 þús. kr.

Stofnframlag til Vatnsveitu árið 2017 er 6.039 þús. kr.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

### 8. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Beiðni frá stjórn HSK um áframhaldandi fjárframlag frá sveitarfélögum á sambandssvæðinu árið 2017. Sótt er um kr. 280 á hvern íbúa.**

Samþykkt.

- b) **Beiðni frá tímaritinu Fuglar um styrktarlínu eða auglýsingu.**

Hafnað.

- c) **Ósk frá Landskerfi bókasafna hf. og Rekstrarfélagi Sarpser eftir því að Ásahreppur gerist hluthafi í Landskerfi bókasafna hf.**

Hafnað.

- d) **Fyrirspurn frá Rangárþingi eystra um áhuga sveitarfélagsins á viðræðum um aukna samvinnu á sviði skipulagsmála eða mögulega sameiningu embættis skipulags-og byggingafulltrúa nágrannasveitarfélaga, t.a.m. Ásahrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps.**

Lagt fram til kynningar.

- e) **Kvennakórinn Ljósbrá fer þess á leit við sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að fá endurgjaldslausa aðstöðu í íþróttasalnum á Laugalandi fyrir jólatónleikana sem voru 1. desember sl.**

Samþykkt.

- f) **Beiðni frá Ungmennafélagi Íslands um auglýsingu í tímaritið Skinfaxa.**

Hafnað.

- g) **Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins á Akureyri, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi.**

Hafnað.

- h) **Beiðni frá Skólaútvarpi Helluskóla um jólakveðju kr. 5.000.**

Samþykkt.

- i) **Beiðni frá Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands um framlaga til sjóðsins 2017-2020.**

Hafnað.

- j) **Beiðni frá klúbbum Strókur um styrk að upphæð 100 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins.**

Hafnað.

- k) **Umsókn um nýtt rekstrarleyfi í Hestheimum fyrir gistingu flokk V frá Eignarhaldsfélaginu Einhamri ehf.kt: 571014-1220.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd óskar eftir afriti af leyfinu þegar það liggur fyrir.

#### 9. Næsti fundur hreppsnefndar

Verður miðvikudaginn 11. janúar 2017 nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Sveitarstjóra falið að útbúa tillögu að fundaráætlun fyrir árið 2017.

#### 10. Endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar 2016

Gerð tillaga að endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar 54.000 kr. fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem skráð er búseta.

Samþykkt.

#### Til kynningar:

- A. Aðalfundargerð HES.
- B. Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga við grunnskólakennara.
- C. 514. fundur stjórnar SASS.
- D. fundargerð 844. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- E. Framtíðarskipan húsnæðismála.
- F. Kynning á kerfisáætlun Landsnets 2016 - 2025 - Kynningarfundur 5. janúar 2017 kl. 12:00 á Stracta hótelinu á Hellu.
- G. Upplýsingar vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara.
- H. Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2016 fyrir 31. desember nk.
- I. Tilkynning um skil starfshóps um málefni Mentor og ný persónuverndarlöggjöf
- J. Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2017-2018.
- K. Ný heimasíða Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.
- L. Upptaka frá UT-deginum-Nýjar persónuverndarreglur o.fl.
- M. Skýrsla markaðsgreiningar fyrir áfangastaðinn Suðurland
- N. Mannvirkjastofnun, brunavarnaáætlun sveitarfélagsins liggur ekki fyrir.
- O. 38. tlb. Rauði Borðinn.

## Hreppsnefnd

Fundargerð yfirlésins, samþykkt.  
Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 13:10

---

Tyrfingur Sveinsson (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)